

Ársskýrsla 2020



KÆRUNEFND
ÚTLENDINGAMÁLA

Efnisyfirlit

Skipulag og hlutverk 3

Alþjóðleg vernd 4

Dvalarleyfi, brottvísanir og frávísanir 6

Staðfestingarhlutfall í málaflokkum nefndarinnar 7

Rekstur 8

Skipulag og hlutverk

Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnslunefnd skipuð sjö aðalmönnum. Formaður og varaformaður nefndarinnar hafa starfið að aðalstarfi. Þrír nefndarmenn eru skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands en tveir nefndarmenn eru skipaðir án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Formaður kærunefndar útlendingamála fer með yfirstjórn og daglegan rekstur hennar. Formaður kærunefndar 2020 var Hjörtur Bragi Sverrisson. Þá störfuðu varaformaður, tveir yfirlögfræðingar og 13 lögfræðingar við undirbúning úrskurða, rekstrarfulltrúi og ritari hjá nefndinni.

Við úrlausn kærumála hefur nefndin sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnslustigi. Af því leiðir að ráðherra getur ekki gefið nefndinni fyriræli um meðferð eða úrlausn einstakra mála.

Kærunefnd útlendingamála 2020

- Hjörtur Bragi Sverrisson, formaður, tilnefndur af dómsmálaráðherra,
- Anna Tryggvadóttir, varaformaður (í leyfi)
- Áslaug Magnúsdóttir, starfandi varaformaður, frá janúar til maí 2020
- Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, starfandi varaformaður, frá maí til desember 2020
- Sandra Hlíf Ocares, aðalmaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra,
- Gunnar Páll Baldvinsson, aðalmaður, tilnefndur af dómsmálaráðherra,
- Sindri M. Stephensen, aðalmaður, tilnefndur af Mannréttindaskrifstofu Íslands,
- Þorbjörg Inga Jónsdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands,
- Bjarnveig Eiríksdóttir, aðalmaður, tilnefnd af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands.

Alþjóðleg vernd


Árið 2020 komu færri mál umsækjenda um alþjóðlega vernd á borð nefndarinnar en höfðu gert síðustu ár. Innkomin mál voru 410 en árið áður voru þau 688 og þar áður 506. Ástæðu þess má að miklu leyti rekja til almennra takmarkana á fólksflutningum milli landa vegna heimsfaraldurs Covid-19 og komu því færri umsækjendur heilt á litið til landsins.

Vegna þess ástands sem skapaðist vegna útbreiðslu Covid-19 aðlagði Útlendingastofnun tímabundið mat sitt á því hvort taka skyldi mál til efnismeðferðar á grundvelli sérstakra ástæðna, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga um útlendinga, að þeim aðstæðum sem uppi voru. Í kjölfarið afturkallaði stofnunin ákvarðanir sínar í töluverðum fjölda mála á grundvelli 1. tölul. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Voru þau mál því tekin til efnismeðferðar hér á landi.

Nefndin afgreiddi í heild færri mál árið 2020 en hún gerði 2019. Þrátt fyrir það voru afgreidd mál fleiri en innkomin og því voru færri mál óafgreidd í lok árs en árinu áður. Verndarmál í vinnslu 1. janúar 2020 voru 126 en í lok árs 2020 voru þau 93.

Innkomnum málum fækkaði milli ára

Alþjóðleg vernd Innkomin og afgreidd mál




Málsmeðferðartími lengdist


Málsmeðferðartími ársins 2020 lengdist töluvert frá árunum áður. Ástæður þess má að mestu leyti rekja til heimsfaraldurs Covid-19. Eins og hjá flestum stofnunum þurfti að grípa til ýmissa ráðstafana til að bregðast við ástandinu og tafði það fyrir málavinnslu.

Málsmeðferðartími 2015-2020

Alþjóðleg vernd



Upprunaríki umsækjenda um alþjóðlega vernd




Þeir umsækjendur um alþjóðlega vernd sem kærðu mál sín til kæruneftndar komu frá 46 mismunandi upprunaríkjum.

Langflestir komu þó frá Írak (68), Nígeríu (61), Palestínu (28), Afganistan (25), Pakistan (18) og Sómalíu (18).


Dvalarleyfi, brottvísanir og frávísanir

Dvalarleyfismálum fækkaði töluvert milli ára. Að hluta til má skýra fækkunina með heimsfaraldrinum líkt og fækkun mála umsækjenda um alþjóðlega vernd. En einnig vegna þess að fjöldi dvalarleyfismála var óvenjulega mikill árið 2019 vegna þess að þá bárust nefndinni kærur frá hópum sem höfðu verið synjað um dvalarleyfi á grundvelli náms. Árið 2020 voru flest kærð dvalarleyfismál vegna synjunar á grundvelli fjölskyldusameiningar eða vegna atvinnuleysis, hjúskapar eða ótímabundins dvalarleyfis.

Innkomin og afgreidd dvalarleyfismál



Meðalmálsmeðferðartími í dögum Dvalarleyfi og brottvísanir




Lengri málsmeðferðartími

Málsmeðferðartími lengdist í þessum málaflokki líkt og öðrum vegna áhrifa heimsfaraldursins.

Staðfestingarhlutfall í málaflokkum nefndarinnar

Staðfestingarhlutfall


Eftir málaflokkum



Staðfestingarhlutfall í málaflokkum nefndarinnar, þar sem mál voru staðfest að fullu, lækkaði heilt á litið mikið milli ára. Í verndarmálum var það að miklu leyti vegna framangreindra breytinga á mati Útlendingastofnunar um hvenær mál skulu tekin til efnismeðferðar. Þá var tímalengd málsmeðferðar ástæða þess að um þriðjungur efnismeðferðarmála voru ekki staðfest.

Staðfestingarhlutfall

Alþjóðleg vernd



Ákvarðanir Útlendingastofnunar er vörðuðu frávísun einstaklinga frá landinu á grundvelli almannaheilbrigðis sbr. 1. mgr. 94. gr. laga um útlendinga voru felldar úr gildi. Var það mat nefndarinnar að ekki hefði verið sýnt fram á nauðsyn frávísunar á þessum grundvelli.

Í kjölfar úrskurða nefndarinnar voru gerðar breytingar á lögum um sóttvarnir nr. 19/1997 þar sem m.a. var bætt við heimild til frávísunar á landamærunum vegna brota gegn sóttvarnarráðstöfunum, sbr. 8. mgr. 13. gr. laganna.

Rekstur nefndarinnar 2020

Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir rekstrarkostnað nefndarinnar 2020 samanborið við 2019.